



## Aðgangur að landupplýsingum um áhugaverða staði og Íslendingasagnastaði

Gögnunum er miðlað með Geoserver landupplýsingaþjóni sem býður upp á mjög fjölbreytta miðlun, bæði með kortaþjónustu (WMS) og fitjuþjónustu (WFS). Kall eftir gögnunum til þjónsins getur tilgreint síun eða úrtak. Geoserver miðlar gögnum í samræmi við opna staðla sem Open Geospatial Consortium (OGC) hefur þróað.

### Fitjuþjónusta:

Fitjum er miðlað í samræmi við [WFS staðal](#) frá OGC.

Þjónninn gerir grein fyrir titlækum gögnum og aðgerðum í svari við GetCapabilities fyrirspurn:

<http://ferdamalastofa.gistemp.com/geoserver/wfs?REQUEST=GetCapabilities>

Áhugaverðir viðkomustaðir eru afgreiddir í fitjuþjónustu með eftirfarandi kalli:

<http://ferdamalastofa.gistemp.com/geoserver/wfs?SERVICE=WFS&VERSION=1.0.0&REQUEST=GetFeature&TYPENAME=fms:vidkomustadir&SRSNAME=EPSG:4326>

Sama fyrirspurn er fyrir Íslendingasagnastaði nema TYPENAME=fms:isl\_stadir\_sogur

Ef ekkert form er tilgreint á svarinu er notað sjálfgefið GML form. Velja má önnur form eins og fram kemur í GetCapabilities með því að hnyta beiðni um tilgreint form aftan við kallið, hér dæmi af KML:

<http://ferdamalastofa.gistemp.com/geoserver/wfs?SERVICE=WFS&VERSION=1.0.0&REQUEST=GetFeature&TYPENAME=fms:vidkomustadir&SRSNAME=EPSG:4326&OutputFormat=KML>

Önnur algeng form sem má velja eru CSV, JSON, SHAPE-ZIP.

### Kortaþjónusta:

Kortum er miðlað í samræmi við [WMS staðal](#) frá OGC.

Þjónninn gerir grein fyrir tiltækum kortamyndum í svari við GetCapabilities fyrirspurn:

<http://ferdamalastofa.gistemp.com/geoserver/wms?REQUEST=GetCapabilities>

Í GetCapabilities koma fram myndaform sem þjónninn getur afgreitt, t.d. PNG, JPEG og GEOTIFF. Ef ekki er annað sérstaklega tilgreint samanstandur myndin af hringjum sem tákna staði en annað er gegnsætt, til þess að loftmynd eða bakgrunnskort komi fram.

Kortaþjónusta er einkum gagnleg fyrir vefsjár, sem útbúa nánari afmörkun á þeirri mynd sem beið er um hverju sinni, t.d. upplausn, bounding box og þess háttar.

**ATH: Ferðamálastofa áskilur sér rétt til að breyta ofangreindum slóðum án sérstakra tilkynninga þar um.**